

Norræn samstarfsáætlun um byggðapróun og skipulagsmál 2021–24

Fyrir græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd



Efnisyfirlit

1. Formáli	3
2. Tilhögun norræns samstarfs á sviði byggðamála	4
3. Samstarf um ESB-mál og við aðra aðila	10
4. Skipulag samstarfsins	11
5. Mat á samstarfsáætluninni	15
Fylgirit 1	16
Fylgirit 2	25



MYND: JOHNÉR • RITZAU/SCANPIX • UNSPLASH

1. Formáli

Norðurlönd, með 27 milljónir íbúa, eru meðal mest nýskapandi og samkeppnishæfu svæða heims. Norðurlönd einkennast af einsleitni og miklu trausti manna á milli. Við búum yfir verðmætum auðlindum á Norðurlöndunum öllum, með öflugum borgum og auðlindaríku strjálbýli. Slíkt er góður grunnur að áframhaldandi þróun velferðarsamfélaga okkar í takti við *Framtíðarsýn okkar 2030* um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Aðalinntak heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun er að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Sameinuðu þjóðirnar leggja áherslu á að hverju heimsmarkmiði verði ekki náð einu og sér heldur krefjist innleiðing þeirra samþættra aðgerða þvert á málefnasvið og stjórnsýslueiningar auk virkrar þátttöku atvinnulífs og frjálsra félagasamtaka.

Hæfni til að takast á við breytingar skiptir sköpum um hvernig til tekst. Samstarf í skipulags- og byggðamálum tekur mið af því að hin ýmsu landsvæði á Norðurlöndum hafa hvert sína kosti og því ólíkar forsendur til að þróast og breytast. Í þessari samstarfsáætlun um byggðapróun og skipulagsmál munum við á næstu árum leggja áherslu á græna borgarþróun með þátttöku allra, græna dreifbýlisþróun með þátttöku allra og græn, nýskapandi og viðnámsþolin svæði. Það mun verða mikilvægasta framlag okkar til að stefnumarkandi forgangsmálin þrjú í framkvæmdaáætluninni 2021–2024 fyrir *Framtíðarsýn okkar 2030* náist.

Yfirstandandi heimsfaraldur COVID-19 hefur gert þessi þemu enn brýnni en þegar vinnunni við samstarfsáætlunina var hrundið af stað árið 2019. Ekki er unnt að sjá fyrir allar afleiðingar faraldursins, en áhrif hans munu sennilega hafa áhrif á forgangsmálin allan tíma áætlunarinnar. Við vonumst til að áætlunin veiti nægilegt svigrúm til að laga megí aðgerðir eftir þörfum. Samstarfið á að stuðla að nýsköpun, grænum vexti og endurskipulagningu, lífandi og öruggum borgum og samfélögum með þátttöku allra, og það á að styðja við kolefnishlutlaus samfélög og loftslagsaðlögun jafnt í borgum sem í strjálbýli.

Með aukinni þekkingu og miðlun reynslu ætlum við að efla samstarf þvert á landamæri og tryggja að svæðið verði enn samþættara. Norrænn virðisauki felst í að við innleiðum forgangspemur sem hafa áhrif á þróun norrænna borga og strjálbýlis og vinnum saman að hagnýtu samstarfi yfir landamæri. Með þessari samstarfsáætlun búum við í hagin fyrir áframhaldandi öflugt norrænt samstarf á sviði byggðapróunar og skipulagsmála.



MYND: RITZAU/SCANPIX • UNSPLASH • NIKO LAURILA/VISIT FINLAND

2. Tilhögun norræns samstarfs á sviði byggðamála

Miklar breytingar, eins og þéttbýlismyndun, alþjóðavæðing, loftslagsbreytingar og lýðfræðileg og tæknileg þróun, liggja til grundvallar *Framtíðarsýn okkar 2030* um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Þróunin snertir norrænar borgir og strjálbýli með misjöfnum hætti, og það er grundvallarforsenda þessarar norrænu samstarfsáætlunar um byggðapróun og skipulagsmál. Áskoranir í kjölfar heimsfaraldursins COVID-19 munu einnig hafa áhrif á öll Norðurlöndin í framtíðinni. Norrænar borgir, strjálbýli og svæði hafa ólíkar forsendur og aðlögunarhæfni til að takast á við slík áföll, bæði til skemmri og lengri tíma lítið.

Þróun landfræðilega dreifðs atvinnulífs, sem byggist á þekkingu og með góðum aðgangi að náttúruauðlindum, skapar góð tækifæri til grænna umskipta á Norðurlöndunum öllum. Atvinnugreinar eins og sjóeldi, námsgroftur, greinar innan lífhagkerfisins, iðnaður og ferðaþjónusta eru góð dæmi. Nýjungamiðað atvinnulíf, skilvirk fyrirtæki og hæft starfsfólk er fyrir hendi, í mismiklum mæli, á ólíkum svæðum Norðurlandanna.

Stór og vaxandi hluti íbúa Norðurlanda býr og starfar í þéttbýli. Mikil losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og mikið álag á náttúru og landauðlindir gerir samfélags- og svæðisskipulag í borgum og borgarsvæðum að áhrifamiklu verkfæri. Skiptunum yfir í samfélag með lítilli losun fylgja annars konar áskoranir í strjálbýli þar sem fjarlægðir eru miklar og markaðsforsendur veikari.

Í State of the Nordic Region 2020 má sjá hvernig þéttbýlismyndun, lækkandi fæðingartíðni og hærri lífaldur breytir lýðfræði á norrænum svæðum og í sveitarfélögum. Hækkun hlutfalls aldraðra er mest á allra strjálbýlustu svæðum Norðurlanda og veldur vaxandi þörf á heilbrigðis- og umönnunarbýðustu. Það skapar þörf á að bæta þjónustuna með nýsköpun og nýjum starfsháttum. Hækkandi lífaldur veldur einnig aukinni samkeppni um hæft starfsfólk bæði hjá einkafyrirtækjum og hinu opinbera. Því er einkar mikilvægt að boðið sé upp á mismunandi námsleiðir fólk hvatt til að nýta sér þær.

State of the Nordic Region 2020 sýnir einnig að efnahagslegur og félagslegur munur fer vaxandi í og milli Norðurlandanna. Það á einkum við í stórborgunum þar sem hann leiðir til aukinnar aðgreiningar. Samspil viðkvæmrar fjárhagsstöðu og óöryggis hefur leitt til minnkaðs trausts á þjóðríkjum. Þetta reynir á stjórnmálamenn landanna og gerir traust og félagslega samstöðu að lykilmálefni í framtíðinni, bæði í þéttbýli og strjálbýli. Samstaða um breytingar meðal allra íbúa mun einnig fá aukna þýðingu því áskoranir í loftslagsmálum og tæknipróun munu öðru fremur hafa ólík áhrif í þéttbýli og strjálbýli.

Viðfangsefni samfélagsins eru flókin. Þau geta verið almenns eðlis eða komið upp skyndilega eins og áskoranirnar í kjölfar COVID-19-faraldursins. Eitt fagsvið eða einn aðili getur ekki leyst þau á eigin spýtur. Það gerir norrænt samstarf mikilvægt, jafnt á landsvísu sem stað- og svæðisbundið. Slíkt samstarf ætti að snúast um hvaða verkefni þurfi að leysa, hver markmiðin ættu að vera, til

hvaða aðgerða skuli grípa og hver sé best til þess fallinn, þannig að takast megi að móta árangursríka stefnu.

Það á að vera eftirsóknarvert að lifa, búa og starfa í norrænu þéttbýli og dreifbýli. Markmiðinu um græna, samkeppnishæfa og félagslega sjálfbæra samfélagsþróun á Norðurlöndum, með litlum mun á lífskjörum og jöfnum tækifærum þjóðfélagshópa, má best ná með blöndu sameiginlegra reglna sem ná til þjóðríkjanna og ólíkra lausna sem miðast við staðbundnar forsendur og þarfir. Heimsfaraldurinn COVID-19 gerir þetta enn meira aðkallandi. Við þurfum að þróa áfram stefnu sem byggir á kostum hvers svæðis og staðbundinni aðlögunarhæfni, og sem eykur traust og samstarf um gjörvöll Norðurlöndin. Norræna samstarfsáætlunin um byggðaðróun og skipulagsmál á að stuðla að því að við náum *Framtíðarsýn okkar 2030* og markmiðum hennar með þekkingu og lausnum á mikilvægum viðfangsefnum samfélagsins, sem taka mið af sameiginlegum landfræðilegum einkennum þvert á Norðurlöndin.

Áætlunin var samþykkt 23. október 2020 og gildir frá 2021 til 2024.¹

Framtíðarsýn okkar 2030



2.1 Forgangsmál fagsviðs byggðamála

Fagsvið byggðamála starfar út frá landfræðilegum forsendum og fæst við mál sem varða svæði og samfélög sem búa við ólíkar forsendur. Markmið samstarfsáætlunarinnar er fræðsla og uppbygging þekkingar fyrir lands-, svæðis- og staðbundna stefnumótun á sviði byggðaðróunar og skipulagsmála. Vinnan á að skila norrænum virðisauka. Í þessu samstarfi eiga Norðurlönd einnig að leita eftir sjálfbærum lausnum sem geta veitt hvatningu og reynst gagnlegar utan Norðurlanda. Sérstök áhersla er lögð á sameiginleg samfélagsleg og pólitísk viðfangsefni þvert á Norðurlönd, sem og þverfaglegt eðli fagsviðs byggðamála. Samstarfsáætlunin á að stuðla að því að hrinda í framkvæmd stefnumarkandi forgangsverkefnunum þremur um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd í framkvæmdaáætluninni árin 2021–2024 fyrir *Framtíðarsýn okkar 2030* fyrir hönd fagsviðs byggðamála. Samstarf á sviði byggðamála setur fram tillögur að

1. Í fylgiskjalinu eru nýjar upplýsingar, meðal annars ákvarðanir sem embættismannanefndin um byggðastefnu (EK-R) tók 25. nóvember 2020.

fimm markmiðum í framkvæmdaáætluninni 2021–2024 þar sem fagsviðið á sérstaklega að leggja sitt af mörkum, sbr., fylgirit 1; Innlegg fagsviðs byggðamála í framkvæmdaáætlun 2021–2024 fyrir *Framtíðarsýn okkar 2030*. Tillögur fagsviðs byggðamála tilgreina enn fremur hvaða aðilar eiga að framfylgja einstökum aðgerðum.

Á tímabilinu 2021–2024 verða eftirtalin svið í brennidepli í samstarfinu:

- græn borgarþróun með þátttöku allra
- græn strjálbýlisþróun með þátttöku allra
- græn, nýskapandi og viðnámsþolin svæði

Þetta mun tryggja samhengi við fyrri samstarfsverkefni. Forgangsverkefni fagsviðs byggðamála byggjast á þróunarþáttum sem lýst var í formála þessarar áætlunar og verður að mestu fylgt eftir í þremur þemahópum. Áætlunin á einnig að marka stefnu fagsviðs byggðamála fyrir verkefni landamæranefndanna og Norræna Atlantssamstarfsins (NORA), þar á meðal eftirfylgni NORA á þróunarstefnumörkuninni NAUST fyrir Norður-Atlantssvæðið, sem og starfsemi Norrænu rannsóknastofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum (Nordregio). Samstarfsáætlunin nær einnig til norræns samstarfs fagsviðs byggðamála um ESB-mál og alþjóðleg málefni.

Ráðherrar byggðamála samþykktu árið 2019 að þróunarstefnumörkun fyrir Norður-Atlantssvæðið, NAUST, ætti að marka stefnu og vera til leiðbeiningar um samstarf í Norður-Atlantshafi, sem nær til Færeyja, Grænlands, Íslands og norðlægra strandsvæða Noregs (strandfylkin við Atlantshaf frá Rogalandi til Troms og Finnmerkur). Tilgangur NAUST er að efla norrænt samstarf á svæðinu, að efla sjálfbæra þróun í byggðalögum við Norður-Atlantshafið á Norðurlöndum og efla tengsl milli helstu starfsgreina og aðila á svæðinu. Þessu á að ná fram með því að koma á sambandi og ýta undir frumkvæði og verkefni á eftirfarandi sviðum: velferð og jafnrétti, hafið og bláa lífhagkerfið, orkumál, samgöngur og viðbúnaður, sjálfbær ferðaþjónusta og menning við Norður-Atlantshaf.

Samstarfsáætlunin styður við heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun (sbr. lið 4.2). Samstarfsáætlunin leggur áherslu á að taka mið af jafnréttissjónarmiðum og að tekið sé tillit til þekkingar og sjónarmiða barna og ungmenna í aðgerðum fagsviðs byggðamála á sviði byggðaðróunar og skipulagsmála, sbr. *Stefnu um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis- og barna- og ungmennasjónarmiða hjá Norrænu ráðherranefndinni*. Algild hönnun skal vera til grundvallar þeim tillögum og ráðleggingum sem fram eru settar í samstarfinu. Lögð skal áhersla á að leita eftir mannafla, reynslu og þekkingu frá öllum hinum fjölbreyttu samfélögunum okkar, þar á meðal frá frumbyggjum og öðrum minnihlutahópum í löndunum, eftir því sem við á.

Heimsfaraldurinn COVID-19 mun að öllum líkindum hafa mikil áhrif á það hvernig heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun verður fylgt eftir og mun hafa áhrif á forsendur byggðaðróunar og skipulagsmála. Faraldurinn bitnar á okkur bæði efnahagslega og félagslega og takmarkar frelsi okkar á áður óþekktan hátt. Æskilegt væri að þemahóparnir og aðrir mál aðilar leggi sitt af mörkum til þekkingar og tillagna að lausnum sem efla traust á vettvangi Norðurlanda og beinast sérstaklega að aukinni verðmætasköpun að loknum faraldrinum og sem geta aukið mótstöðuafli gegn kreppum í framtíðinni.

Flókin og samþætt viðfangsefni samfélagsins krefjast bæði nýrrar þekkingar og nýrra lausna. Samstarfið þarf að vera hagnýtara og beinast meira að stefnumörkun en á síðasta áætlunartímabili. Það gæti til dæmis verið í formi undirstöðuupplýsinga sem byggjast á rannsóknum, samanburðarþekkingu, virkjun samstarfs og þróun sameiginlegra lausna eða starfshátta. Þemahóparnir ættu að leggja áherslu á afmarkaðan fjölda stefnumarkandi verkefna, með áherslu á stefnumótun til hagsbóta fyrir öll norrænu ríkin. Það felur í sér að niðurstöður þekkingarþróunar og tillögur að stefnumótun þurfa að vera gagnlegar og framkvæmanlegar. Því þarf að koma fram hvernig vinna megir áfram með tillögur að stefnumótun og af hverjum.

Upplýsingamiðlun um það sem gerist í samstarfsáætluninni er mikilvæg til að dreifa niðurstöðum úr verkefnum og öðrum aðgerðum þannig að þau verði fleirum til gagns. Allir aðilar á fagsviði byggðamála (sbr. 4. kafla) eiga að taka þátt í miðlun upplýsinga. Móta þarf sameiginlega stefnu í

upplýsingamálum fyrir þemahópana, sem á að skilgreina markhópa, verkefni og umsjón með upplýsingamiðlun. Hver þemahópur á einnig að finna verkefni sem henta sérlega vel til kynningar og birtingar niðurstöðna. Aukna áherslu skal leggja á að koma niðurstöðunum á framfæri við Norrænu embættismannanefndina um byggðastefnu (EK-R) og sveitarfélög og landshluta. Enn fremur skal að því stefnt að árangur þessa norræna starfs nái til almennings, til dæmis í gegnum lands-, svæðis- og staðbundna fjölmiðla.

Græn borgarþróun með þátttöku allra

Þétting byggðar á svæðisbundnum búsetu- og vinnumörkuðum er mikilvæg til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bæta lífsskilyrði íbúanna. Hún getur einnig verið mikilvæg til að auka framleiðni og efla hlutverk borga sem efnahagslegra drifkrafta á sínum svæðum. Tækni, þétting byggðar og orkuskipti eiga að skapa grundvöll skilvirkra samgangna, bæði staðbundið og á búsetu- og atvinnusvæðum og stuðla að því að draga úr landnotkun og álagi á náttúruna. Jafnframt á borgar- og staðarþróunin að tryggja lifandi þéttbýlisstaði þar sem gott er að búa, upplifa menningu og stunda félagslíf. Mikilvæg viðfangsefni í dag eru þétting byggðar og orkuskipti þar sem vel er vandað til verka varðandi skipulag og arkitektúr í samræmi við stærð borganna og staðsetningu. Um leið þarf að forðast að þétting byggðar og íbúafjölgun stuðli að efnahagslegri og félagslegri aðgreiningu og óvönduðu húsnaði, útisvæðum og opinberu rými. Annað viðfangsefni er hvernig megi festa nauðsynlegar breytingar í sessi meðal íbúanna þannig að traust í samfélaginu haldist.

Vinnan á að leiða til þekkingar um hvernig skipuleggja megi og þróa borgirnar þannig að þær séu bæði loftslags- og umhverfisvænar og félagslega sjálfbærar, með áherslu á hlutverk skipulags bæði sveitarfélaga og svæða. Mikilvæg spurning er hvernig þétt borgarbyggð geti orðið umgjörð um „gott líf“ fyrir alla sem búa og starfa í eða heimsækja svæðið. Hvernig má tryggja fjölbreyttar gerðir bygginga þannig að allir, óháð aldri, lífsaðstæðum, fötlun og tekjum, hafi sömu tækifæri til að lifa sjálfbæru lífi og kjósa hvar og í hvers konar húsnaði þeir vilji búa? Hvernig má þróa borgir og borgarsvæði á þann hátt að íbúunum sé tryggð nánd, þátttaka og aðgengi að efnislegum og félagslegum gæðum, þjónustu og stuðningsúrræðum? Hvernig getur borgarþróun stuðlað að samfélagi fyrir alla? Hvernig mun ný samgöngutækni geta haft áhrif á forsendur skipulags borga og svæða? Hvernig má aðlagja borgarþróun borgum og svæðum af mismunandi stærð og á ólíkum stöðum þannig að þau varðveiti sjálfsmynd sína og sögu? Hafa ríkið, sveitarfélögin og svæðin yfir að ráða nauðsynlegum tækjum og nauðsynlegum þekkingargrunni?

Þess er vænst að vinnan leggi einkum sitt af mörkum til markmiðanna í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024 fyrir *Framtíðarsýn okkar 2030*, sem snýst um að efla vinnu að rannsóknnum, þróun og framgangi lausna sem styðja við kolefnishlutleysi og loftslagsaðlögun (markmið 1), og vinna að því að við fáum alla íbúa Norðurlanda til að taka þátt í grænum orkuskiptum og stafvæðingu, nýta tækifærin og vinna gegn aukinni misskiptingu í samfélaginu í kjölfar umskiptanna (markmið 10). Fagsvið byggðamála getur, að svo miklu leyti sem við á, einnig lagt sitt af mörkum til markmiðanna um að varðveita traust og samstöðuafli á Norðurlöndum, sameiginlegt gildismat og norrænt samfélag með áherslu á menningu, lýðræði, jafnrétti, þátttöku allra, enga mismunun og tjáningarfrelsi (markmið 12), auk þess að stuðla að framgangi hringrásar- og lífhagkerfis, sjálfbærrar og samkeppnishæfrar framleiðslu, sjálfbærna matvæðakerfa og endurnýjanlegra og eiturefnalausra hringrása á Norðurlöndum (markmið 3).

Á þessum sviðum gæti verið við hæfi að eiga samstarf við til dæmis MR-N (ráðherranefndin um atvinnustefnu), MR-E (ráðherranefndin um orkustefnu), MR-MK (ráðherranefndin um umhverfis- og loftslagsmál), MR-A (ráðherranefndin um atvinnulíf), MR-S (ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál), MR-K (ráðherranefndin um menningarmál), MR-JÄM (ráðherranefndin um jafnréttismál) auk fagsviða samgöngu- og húsnaðismála.

Græn dreifbýlisþróun með þátttöku allra

Það á að vera mögulegt að lifa góðu lífi á dreifbýlum svæðum á Norðurlöndum, með aðgangi að góðri opinberri og einkarekinni grunnþjónustu, innviðum og húsnæði eftir þörfum. Mikilvæg forsenda þróunarinnar er hækkandi hlutfall aldraðra, færra ungt fólk, fjölbreyttari samfélög og hreyfanleiki á Norðurlöndum. Spurningin um togstreitu milli þéttbýlis og dreifbýlis er hluti pólitískrar umræðu í mörgum Norðurlandanna. Hvernig getur hið opinbera lagt sitt af mörkum til öflugra, samþættra samfélaga í dreifbýli á Norðurlöndum? Hvaða hindranir og tækifæri felast í tæknipróun og stafræðingu til að efla dreifbýlissamfélög og samspilið milli borga og sveita? Hvernig má nýta sér kosti lítilla rekstrareininga og virks skipulags samfélags og húsnæðis til að stuðla að félagslegri sjálfbærni á landsbyggðinni á Norðurlöndum þar sem meðalaldur fer hækkandi?

Þegar fólk býr þar sem verðmæti er að finna og þau eru sköpuð verða til öflug fyrirtæki og lifandi samfélög. Það er samkeppnisforskot sem við á Norðurlöndum þurfum að nýta okkur áfram. Mikilvæg spurning er hvernig stefnumörkun og skipulag geta skapað aukið svigrúm heima fyrir varðandi sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og náttúru- og menningartengda ferðaþjónustu, um leið og aukinn hluti verðmætasköpunarinnar verður eftir heima í héraði. Um leið er mikilvægt að umskipti og loftslagsáskoranir bitni ekki með meiri þunga á dreifbýlinu en öðrum svæðum. Hæfni og innviðir til að takast á við óblíðara og votviðrasamara loftslag í samfélögum og smábæjum í dreifbýlinu, þar á meðal eyjum og einangruðum samfélögum, eru mikilvæg viðfangsefni. Vinnan á að stuðla að framkvæmd heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun, þar á meðal þekkingu á hlutverki stað- og svæðisbundinna yfirvalda sem hvatamanna um græn orkuskipti sem taka tillit til náttúruverðmæta. Skipulag samfélags og landnýtingar er lykilverkfæri við innleiðingu sjálfbærnimarkmiðanna og til að varpa ljósi á tækifæri til þróunar og auðlindanýtingar á hverjum stað, og leggja mat á notkunar- og verndunarhagsmuni. Hvernig geta skipulagsmál eftir samheldni heima fyrir gagnvart umskiptum í kolefnishlutlaust samfélag, meðal annars til að auka traust á nauðsynlegum breytingum.

Þess er vænst að vinnan nýtist einkum í sambandi við markmið í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024 fyrir *Framtíðarsýn okkar 2030*, sem snúast um að stuðla að því að allir fái notið góðrar heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem veitt er á jafnréttisgrundvelli og með tryggu aðgengi (markmið 9), og vinna að því að við fáum alla íbúa Norðurlanda til að taka þátt í grænum orkuskiptum og stafrænni þróun, nýta tækifærin og vinna gegn aukinni misskiptingu í samfélaginu í kjölfar umskiptanna (markmið 10), og að efla vinnu að rannsóknum, þróun og framgangi lausna sem styðja við kolefnishlutleysi og loftslagsaðlögun (markmið 1). Fagsvið byggðamála getur, að svo miklu leyti sem við á, einnig lagt sitt af mörkum til markmiðanna um að tryggja líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra notkun náttúru og hafs Norðurlanda (markmið 2) og að viðhalda trausti og samstöðuafli á Norðurlöndum, sameiginlegu gildismati og norrænni samstöðu með áherslu á menningarmál, lýðræði, jafnréttismál, þátttöku allra, enga mismunun og tjáningarfrelsi (markmið 12).

Á þessum sviðum gæti verið við hæfi að eiga samstarf við til dæmis MR-A (ráðherranefndin um atvinnulíf), MR-MK (ráðherranefndin um umhverfis- og loftslagsmál), MR-DIGITAL (ráðherranefndin um stafræna væðingu), MR-FJLS (ráðherranefndin um fiskveiðar, fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt), MR-E (ráðherranefndin um orkustefnu), MR-K (ráðherranefndin um menningarmál), MR-JÄM (ráðherranefndin um jafnréttismál) og MR-Finans (ráðherranefndin um efnahags- og fjármálastefnu).

Græn, nýskapandi og viðnámsþolin svæði

Samkeppnishæf Norðurlönd eru háð svæðisbundinni samkeppnishæfni jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Það krefst þess að norræn svæði séu nýskapandi og aðlögunarhæf. Heimsfaraldurinn COVID-19 hefur gert málið brýnt. Hvernig norræn svæði geta verið betur í stakk búin til að takast á við áföll framtíðarinnar, sem og kerfisbreytingar þegar hægt hallar undan fæti, er lykilatriði.

Græn orkuskipti fela í sér þróunartækifæri fyrir fyrirtæki á ólíkum svæðum Norðurlanda, svo sem á sviði hringrásarhagkerfis, orkumála og lífhagkerfis. Hvernig getum við eftir norrænt klasasamstarf og samstarf milli nýsköpunargeira í því skyni að norræn svæði verði bæði grænni

og samkeppnishæfari? Áframhaldandi þróun snjallrar sérhæfingar sem aðferðar við græn orkuskipti verður lykilþema, þar á meðal í stjórnun byggðamála. Hugtakið „viðnámsþol“ ber að rannsaka frekar, þar á meðal stefnumörkun, hlutverk og ábyrgð á viðbúnaði og viðbrögðum við kreppu á ólíkum stigum stjórnsýslunnar. Svæðisbundin áfallaþolsgreining og greiningartæki verði þróuð áfram lands-, svæðis- og staðbundið. Norræn samantekt og samanburðargreining á slíkum lausnum er mikilvæg.

Stafvæðing, þörf á nýsköpun og umskiptum gera nýjar kröfur til færni, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Stafvæðing og tækniþróun eru í þann mund að umbylta menntakerfinu. Hvernig má efla samstarf menntastofnana og atvinnulífs á mismunandi svæðisbundnum vinnumarkaði til að tryggja færniþróun í fyrirtækjum bæði nær og fjær mennta- og þekkingarstofnunum? Einkum er brýnt að leggja mat á hvaða kerfi og lausnir munu veita atvinnulífinu auðveldari aðgang að viðeigandi færni og þekkingu. Lykilþema er hvaða leiðir í endurmenntun munu reynast sérlega skilvirkar á lands- eða svæðisbundnum kreppu- eða neyðartímum í því skyni að bæta færni fólks í launalaus orlofi eða atvinnulausra. Sama á við um að virkja og endurmennta hópa sem standa utan vinnumarkaðar, einkum á svæðum þar sem skortur á hæfu starfsfólki veldur vanda.

Vinnan á að ná yfir bæði dreifbýli og þéttbýli. Að auki er brýnt að skoða tengsl borga og umhverfis þeirra með tilliti til atvinnugreina sem eru sérlega mikilvægar í og fyrir græn orkuskipti.

Reiknað er með að vinnan leggi sitt af mörkum til framkvæmdaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir *Framtíðarsýn okkar 2030* sem fjallar um að styðja við þekkingu og nýsköpun og auðvelda fyrirtækjum á Norðurlöndunum öllum að nýta til fulls þau tækifæri til þróunar sem grænu, tæknilegu og stafrænu umskiptin og vaxandi lífhagkerfi skapa (markmið 6), og að þróa þekkingu og skilvirkan vinnumarkað sem kemur til móts við kröfurnar sem græn orkuskipti og stafræn þróun gera, og sem styður við frjálsa för á Norðurlöndum (markmið 7).

Á þessum sviðum gæti verið við hæfi að eiga samstarf við til dæmis MR-U (ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir), MR-A (ráðherranefndin um atvinnulíf), MR-Vekst (ráðherranefndin um sjálfbæran hagvöxt) ásamt ráðherranefndinni um atvinnustefnu og MR-DIGITAL (ráðherranefndin um stafræna væðingu).

Rammar um vinnu þemahópanna

Skipulag samstarfsáætlunarinnar byggist fyrst og fremst á þremur þemahópum með þátttöku Norðurlandanna og Færeyja, Grænlands og Álandseyja, ásamt völdum svæðum, landamæranefndum og Norræna Atlantssamstarfinu (NORA). Nordregio sér um skrifstofuhald fyrir þemahópana. Sjá upplýsingar í fylgiriti 2: Rammar um vinnuna í þemahópunum í samstarfsáætluninni um byggðapróun og skipulagsmál 2021–2024.

Hver þemahópur ber að beiðni embættismannanefndarinnar ábyrgð á framkvæmd hluta tillagna fagsviðs byggðamála í framkvæmdaáætluninni 2021–2024 og annarra markmiða og forgangsverkefna samstarfsáætlunarinnar. Hver þemahópur á að semja starfsáætlun, þar sem lögð er áhersla á afmarkaðan fjölda verkefna og mat lagt á samstarf við utanaðkomandi aðila, þar á meðal hvernig félagasamtök og atvinnulífið geta komið við sögu í verkefnum. Verkefnin eiga að stuðla að norrænu notagildi og virðisauka.

Gott upplýsingaflæði þarf að vera á milli þemahópanna til að finna hugsanleg sameiginleg verkefni og sameiginlegt notagildi og komast hjá tvíverknaði. Sett er upp fjárhagsáætlun fyrir vinnu þemahópanna.



MYND: RITZAU/SCANPIX • UNSPLASH • YADID LEVY/NORDEN.ORG

3. Samstarf um ESB-mál og við aðra aðila

Norðurlönd eru verulega samþætt svæði í Evrópu. Annars vegar erum við undir áhrifum af pólitískri forgangs röðun ESB. Hins vegar höfum við góðar forsendur til að hafa áhrif á þróun mála hjá ESB á sviðum þar sem við stöndum sterkt, til dæmis á sviði nýsköpunar, loftslags- og umhverfismála, stafvæðingar og trausts og lýðræðis. Þátttaka aðila á Norðurlöndum í áætlunum ESB eru gagnleg verkfæri í þessu samhengi. ESB hefur leitað hugmynda í norræna samstarfinu yfir landamæri. Það stuðlar að sameiginlegri lausn viðfangsefna, og að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem koma til af staðsetningu sitt hvoru megin við landamæri. Interreg-áætlunin er lykilverkfæri fyrir slíkt norrænt samstarf í reynd.

Hlutar Norðurlanda liggja miðsvæðis í og nálægt norðurskautssvæðum og ná yfir svæði utan ESB. Einkum Vestur-Norðurlönd eiga í eðlilegu samstarfi við m.a. Bandaríkin og Kanada. Í ljósi Brexit þurfa öll Norðurlöndin að þróa áfram tengsl sín við Bretland.

Með miðlun upplýsinga og greiningu og mótun sameiginlegrar afstöðu getum við staðið vörð um sameiginlega norræna hagsmuni sem tengjast evrópskri stefnumótunarvinnu. ESB-tengslanet landanna um byggðaðróun og skipulagsmál heldur áfram. Tilgangur tengslanetsins er uppbygging þekkingar og eftirfylgni mikilvægra sameiginlegra norrænna hagsmuna sem tengjast þróun ESB á stefnu um byggðamál og stefnu í borgarmálum, með sérstakri áherslu á Interreg-áætlunina og opinberan stuðning.



MYND: CARSTEN EGEVANG • UNSPLASH • PETER BRINCH/ØRESUNDSBRON

4. Skipulag samstarfsins

Norrænt samstarf í byggðamálum samanstendur af ráðherranefndinni um sjálfbæran hagvöxt (MR-Vekst), Norrænu embættismannanefndinni um byggðastefnu (EK-R), þremur þemahópum, skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, norrænu rannsóknastofnuninni Nordregio, samstarfinu á landamærasvæðum fyrir tilstilli landamæranefndanna og samstarfsvettvangsins NORA ásamt norræna þróunarsjóðnum Vestnorræna sjóðnum.

4.1 Skipulag sviðsins

Norræna ráðherranefndin um sjálfbæran hagvöxt – atvinnu-, orku- og byggðastefnu (MR-Vekst)

MR-Vekst (Norræna ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðastefnu) er æðsta ákvörðunarvaldið í samstarfi í byggðamálum. Norrænir ráðherrar byggðamála eru hluti ráðherranefndarinnar ásamt norrænu orku- og viðskipta- og iðnaðarráðherrunum. Ráðherranefndin samþykkir stefnumörkun samstarfsins í byggðamálum. Ráðherrar byggðamála halda venjulega árlegan fund. Fundurinn á að leggja línurnar fyrir pólitískar umræður og er vettvangur skoðanaskipta og þróunar nýs samstarfs. Formennskan gengur til skiptis ár hvert milli Norðurlandanna.

Norræna embættismannanefndin um byggðastefnu (EK-R)

EK-R hefur faglega og stjórnunarlega umsjón með starfsemi fagsviðs byggðamála í nánu samstarfi við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Formennska í EK-R fylgir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og ber ábyrgð á að stjórna starfi EK-R. EK-R er vettvangur miðlunar þekkingar og reynslu og umræðna kollega sem stuðla að möguleikum á stefnumótunarvinnu í hverju landanna og yfir landamæri á Norðurlöndum. Norræna embættismannanefndin um byggðastefnu (EK-R) á að fylgja eftir framkvæmd samstarfsáætlunarinnar og tekur við niðurstöðum áætlunarinnar.

Þemahópar

Skipaðir verða þrír þemahópar til að framkvæma hluta tillagna fagsviðs byggðamála að framkvæmdaáætluninni árin 2021–2024 fyrir *Framtíðarsýn okkar 2030* og önnur markmið og aðgerðir samstarfsáætlunarinnar, einn fyrir hvert forgangssvið. Í hópunum sitja fulltrúar landa og landssvæða, landamæranefndirnar og NORA. Hver þemahópur er undir forystu eins fulltrúa landanna.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar

Það er í verkahring skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar að samræma norrænt samstarf á sviði byggðamála og styðja þátttöku Norðurlandanna í samstarfinu, einkum með stjórnsýslulegri aðstoð við formennskulandið. Skrifstofan gegnir einnig sérstöku hlutverki við að stuðla að samstarfi þvert á fagsviðin hjá Norrænu ráðherranefndinni.

Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)

Nordregio er rannsóknastofnun fagsviðs byggðamála og lykilaðili við framkvæmd

samstarfsáætlunarinnar. Nordregio á að stuðla að þróun þekkingar og færni um svið sem hafa stefnumarkandi þýðingu fyrir sjálfbæra byggðapróun og skipulagsmál, og vera tengiliður milli rannsókna og stefnumótunarvinnu. Nordregio sér um skrifstofuhald fyrir vinnu þemahópanna. Stofnunin á, í samstarfi við Norrænu embættismannanefndina um byggðastefnu (EK-R) og þemahópana, að skipuleggja og framkvæma aðgerðir sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd áætlunarinnar og miðla þekkingu og niðurstöðum vinnunnar. Að auki á stofnunin að leggja fram fundargögn með meiru til ráðherra byggðamála og Norrænu embættismannanefndarinnar um byggðastefnu (EK-R).

Landamæranefndirnar og samstarf landamærasvæða

Samstarf landamærasvæða og vinna að afnámi stjórnsýsluhindrana er mikilvægur þáttur norræns samstarfs. Markmiðið með þátttöku Norrænu ráðherranefndarinnar í samstarfi á landamærasvæðum er að:

- standa vörð um tækifæri og aflétta hindrunum sem landamæri ríkja skapa fyrir þjónustu- og atvinnusvæði.
- stuðla að þróun, nýsköpun og hagvexti á norrænum landamærasvæðum.

Samstarfið á landamærasvæðum á Norðurlöndum samanstendur af 12 landamæranefndum, sem vinna á landamærasvæðum milli Danmerkur, Svíþjóðar, Finnlands og Noregs. Landamæranefndirnar eru aðildarsamtök sem safna saman stað- og svæðisbundnum aðilum á landamærasvæðum og vinna með samþættingu yfir landamærin. Norræna ráðherranefndin er einn margra aðila sem fjármagna landamæranefndirnar.

Landamæranefndirnar vinna fyrst og fremst að því að stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi á landamærasvæðum, greina og aflétta stjórnsýsluhindrunum, þróa sjálfbærar og loftslagsvænar umhverfis- og orkulausnir, þróa innviði og upplýsingamiðlun sem skiptir máli fyrir landamærasvæðin og landnýtingu á þessum svæðum. Viðfangsefni þeirra eru breytileg eftir staðsetningu og af sögulegum ástæðum. Vinna þeirra fer fram í samstarfi við atvinnulíf, þekkingarsamtök og félagasamtök.

Norræna Atlantssamstarfið (NORA)

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) er fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni og framlögum frá Færeyjum, Grænlandi, Íslandi og Noregi. Starfsemin kemur á fót tengslanetum og styður verkefni til að efla samstarf á svæðinu og gera Norður-Atlantssvæðið að kraftmiklu norrænu svæði sem einkennist af öflugri, sjálfbærri efnahagsþróun. NORA hefur eigin stjórn og er stjórnað samkvæmt fjögurra ára áætlun.

NORA hefur umsjón með framkvæmd og eftirfylgni NAUST (þróunarstefnumörkun fyrir Norður-Atlantshafið). Þar sem önnur fagsvið bera ábyrgð og hafa aðgerðir á sviðum í forgangi í NAUST, geta þau lagt sitt af mörkum til að uppfylla markmiðin í NAUST.

Landamæranefndirnar og NORA eiga að stuðla að framkvæmd samstarfsáætlunarinnar með þeim verkefnum sem þeim eru falin af Norrænu embættismannanefndinni um byggðastefnu (EK-R) og með þátttöku sinni í þemahópunum. Norræna embættismannanefndin um byggðastefnu (EK-R) og skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar eiga að stuðla að kerfisbundinni og samfelldri miðlun þekkingar og reynslu milli embættismannanefndarinnar, norrænu landamæranefndanna og NORA ásamt Nordregio. Það fer meðal annars fram með þátttöku landamæranefndanna og NORA í þemahópunum og í tengslum við árlega skýrslugjöf til Norrænu embættismannanefndarinnar um byggðastefnu (EK-R).

Vestnorræni sjóðurinn

Vestnorræni sjóðurinn, norræni þróunarsjóðurinn fyrir Vestur-Norðurlönd, hefur að markmiði að styðja við þróun alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs í Færeyjum og á Grænlandi með lánum, styrkjum og ábyrgðum fyrir verkefni sem tengjast eða eru til hagsbóta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Sjóðurinn á að byggja upp, styðja og efla starfsfólk á staðnum til að hefja atvinnulíf viðkomandi staða á Vestur-Norðurlöndum til vegs og virðingar. Fyrirtæki á Íslandi geta einungis fengið stuðning ef um raunveruleg samstarfsverkefni við fyrirtæki í Færeyjum og á Grænlandi er að ræða. Löndin tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins og þeir eru síðan útnefndir af Norrænu embættismannanefndinni um byggðastefnu (EK-R). Vestnorræni sjóðurinn hefur yfir að ráða áður stofnuðum sjóði og veldur því ekki hækkun á árlegri fjárhagsáætlun embættismannanefndarinnar.

4.2 Samþætting stefnumiða²

- A. Samstarfsáætlunin styður við heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun og á að stuðla að uppfyllingu heimsmarkmiðanna fram til ársins 2030. Samstarfið um byggðastefnu tengist nokkrum af heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun, þar á meðal markmiðinu um að stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar (markmið 3), markmiðinu um að tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi (markmið 4), markmiðinu um jafnrétti kynjanna (markmið 5), markmiðinu um að stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla (markmið 8), markmiðinu um sjálfbærar borgir og samfélög (markmið 11), markmiðinu um ábyrga neyslu og framleiðslu (markmið 12), markmiðinu um aðgerðir í loftslagsmálum (markmið 13), markmiðinu um líf í vatni (markmið 14) og markmiðinu um samvinnu til að ná markmiðunum (markmið 17).
- B. Samstarfsáætlunin leggur áherslu á að jafnréttissjónarmið eigi að vera rauður þráður í samstarfinu til að tryggja öllum hópum sömu tækifæri varðandi byggðapróun og skipulagsmál. Til að að viðhalda sjálfbærri íbúðapróun á Norðurlöndunum öllum, þróa nýskapandi og viðnámsþolin svæði, sjálfbærar borgir og dreifbýli og tryggja græn orkuskipti erum við háð því að allir geti lagt sitt af mörkum og tekið þátt á jafnréttisgrundvelli.
- C. Samstarfsáætlunin leggur sambærilega áherslu á að börn og ungmenni fái tækifæri til að hafa áhrif á þróunina. Ef takast á að skapa góð samfélög verðum við að nýta öll aðgengileg úrræði, einnig börn og ungmenni. Leggjja ber áherslu á hagsmuni barna og ungmenna til að tryggja sjálfbæra þróun á norrænum svæðum. Áætlunin leggur áherslu á að fylgja Barnasáttmála SP og leita eftir þátttöku barna og ungmenna í verkefnum, leita sjónarmiða þeirra, láta raddir þeirra heyrast og fylgja eftir tillögum þeirra.

Allir aðilar sem leggja sitt af mörkum til framkvæmdar samstarfsáætlunarinnar eiga að samþætta þessa þverlægu þætti í vinnu sína þegar við á. Þemahóparnir bera sérstaka ábyrgð hvað þetta varðar.

4.3 Erindisbréf fyrir Nordregio

Nordregio á að starfa sem norræn rannsóknar-, ráðgjafar- og greiningarstofnun með áherslu á stefnumarkandi rannsóknir fyrir viðeigandi fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar sem eru mikilvæg fyrir sjálfbæra byggðapróun og skipulagsmál. Í hlutverki sínu sem ráðgjafi, miðlari þekkingar og norrænn þekkingarbanki á Nordregio að veita faglegan og skilvirkan stuðning við Norrænu ráðherranefndina og við lands-, svæðis- og staðbundin yfirvöld. Nordregio á að varðveita og þróa tölfræðigrunn sinn, með tilheyrandi kortum, sem og gagnvirka kortaverkfærið NordMap til greininga á þróuninni á Norðurlöndum, lands- og svæðisbundið og fyrir hvert sveitarfélag.

Nordregio er ætlað að styrkja þekkingargrunn í samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði byggðastefnu með því að styðja embættismannanefndina um byggðastefnu (EK-R) og ráðherranefndina um atvinnu-, orku- og byggðastefnu (MR-Vekst). Nordregio á að leggja til rannsóknir, ráðgjöf og upplýsingamiðlun á sviði byggðapróunar, skipulagsmála og stefnu sem á að stuðla að stöðugri og sjálfbærri þróun á Norðurlöndum, að meðtöldu Norðurskautssvæðinu. Nordregio er lykilaðili fyrir framkvæmd samstarfsáætlunarinnar í byggðamálum og á í samstarfi við Norrænu embættismannanefndina um byggðastefnu (EK-R) og þemahópana um að skipuleggja og framkvæma þær aðgerðir sem krafist er til að hrinda samstarfsáætluninni í framkvæmd.

Nordregio á að varðveita og þróa hlutverk sitt sem leiðandi rannsóknastofnun á sviði byggðarannsóknar og á áfram að taka virkan þátt í evrópskum samstarfs- og rannsóknáætlunum. Nordregio á að skila gögnum og láta fram fara svæðisbundna greiningu innan Evrópu auk þess að leggja mat á ólíkar landsbundnar áætlanir og Evrópuáætlanir.

2. Sbr. Stefna um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis- og barna- og ungmennasjónarmiða hjá Norrænu ráðherranefndinni.

Nordregio á að miðla þekkingu um og niðurstöðum lokinna aðgerða í kjölfar samstarfsáætlunarinnar til Norrænu embættismannanefndarinnar um byggðastefnu (EK-R) og annarra viðeigandi markhópa með upplýsingamiðlum sínum og taka þátt í viðeigandi lands- og svæðisbundnum tengslanetum og vettvangi. Þau eiga að vinna áfram að því að norrænu samstarfi og góðum norrænum dæmum verði miðlað áfram í Evrópu.



MYND: UNSPLASH • YADID LEVY/NORDEN.ORG • JAN SNJOR/VISIT ICELAND

5. Mat á samstarfsáætluninni

Árið 2023 mun fara fram mat á framkvæmd áætlunarinnar, sem grundvöllur að gerð nýrrar samstarfsáætlunar.

Fylgirit

1. Innlegg fagsviðs byggðamála í framkvæmdaáætlun 2021–2024 fyrir *Framtíðarsýn okkar 2030*
2. Rammar um vinnuna í þemahópunum í samstarfsáætluninni um byggðaðróun og skipulagsmál 2021–2024

Fylgirit 1: Innlegg fagsviðs byggðamála í framkvæmdaáætlun 2021–2024 fyrir *Framtíðarsýn okkar 2030*

Græn Norðurlönd

Saman hyggjumst við greiða fyrir grænum umskiptum í samfélaginu og beita okkur fyrir kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásar- og lífhagkerfi.

Á árunum 2021-2024 hyggst Norræna ráðherranefndin leggja sérstaka áherslu á að:

1. efla vinnu að rannsóknum, þróun og innleiðingu lausna sem styðja við kolefnishlutleysi og loftslagsaðlögun, meðal annars á sviði samgangna, byggingar-, matvæla- og orkumála.
2. stuðla að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og standa vörð um sjálfbæra nýtingu náttúru og hafsvæða á Norðurlöndum.
3. efla hringrásar- og lífhagkerfi, sjálfbæra og samkeppnishæfa framleiðslu, sjálfbær matvælaakerfi svo og auðlindanýtnar og eiturefnalausar hringrásir á Norðurlöndum.
4. stuðla að sameiginlegum aðgerðum í þágu sjálfbærrar neyslu með það fyrir augum að auðvelda norrænum neytendum að finnst eftirsóknarvert að velja hollustu og það sem er umhverfis- og loftslagsvænt.
5. stuðla að jákvæðri þróun í alþjóðlegu umhverfis- og loftslagsmálasamstarfi, meðal annars með því að kynna norrænar umhverfislausnir um allan heim.

Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum sem byggist á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.

Á árunum 2021-2024 hyggst Norræna ráðherranefndin leggja sérstaka áherslu á að:

6. styðja við þekkingu og nýsköpun og auðvelda fyrirtækjum á Norðurlöndunum öllum að nýta þróunartækifærin sem grænu, tæknilegu og stafrænu umskiptin og stækkandi lífhagkerfi skapa
7. þróa hæfni og virkan vinnumarkað sem uppfyllir kröfur grænna orkuskipta og stafrænnar þróunar og sem styður við frjálsa för á Norðurlöndum
8. nýta stafræna tækni og menntun til að tengja Norðurlöndin enn nánari böndum

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfelld svæði án aðgreiningar og þar sem jafnrétti ríkir sem byggist á sameiginlegum gildum og efdum menningarsamskiptum og velferð.

Á árunum 2021-2024 hyggst Norræna ráðherranefndin leggja sérstaka áherslu á að:

9. stuðla að því að allir fái notið góðrar heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem veitt er á jafnréttisgrundvelli og með tryggri aðgengi.
10. allir Norðurlandabúar taki þátt í grænum umskiptum og stafrænni þróun, nýta styrkleikana og sporna við því að umskiptin leiði til aukinnar misskiptingar í samfélaginu.

12. styrkja rödd almennra borgara á Norðurlöndum, einkum barna og ungmenna, og efla þátttöku þeirra í norrænu samstarfi ásamt því að auka þekkingu þeirra á tungumálum og menningu nágrannalandanna.

13. standa vörð um traust og samloðunarkraft á Norðurlöndum, sameiginleg gildi og samfélag með áherslu á menningu, lýðræði, jafnrétti, þátttöku allra, bann við mismunun og tjáningarfrelsi.

Markmið: 1. Efla vinnu að rannsóknum, þróun og innleiðingu lausna sem styðja við kolefnishlutleysi og loftslagsaðlögun, meðal annars á sviði samgangna, byggingar-, matvæla- og orkumála.

Mikilvægustu aðgerðir fagsviðsins	Samstarfsaðilar	Uppfylling markmiða	Fjárhagur
Lýsið aðgerðum á grundvelli lauslega fjárhagsrammans á almennan hátt með fyrirsögn og að hámarki 100 orðum Áætlanagerð um landnýtingu á Norðurlöndum, meðal annars áætlanagerð um innviði og samgöngukerfi, á að stuðla að grænum orkuskiptum og kolefnishlutlausum samfélögum Ef áætlanagerð um landnýtingu á Norðurlöndum á að geta stuðlað að grænum orkuskiptum og kolefnishlutlausu samfélagi er þörf á fjölbreyttum aðgerðum sem meðal annars fela í sér: G.1.a. Efla beint og óþreifanlegt samstarf milli sveitarfélaga (þörun samstarfs) um græna borgarþróun og áætlanagerð um kolefnishlutleysi. Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum, Nordregio og Norræna Atlantssamstarfið, NORA og landamæranefndir og þemahópar. G.1.b. Láta fram fara viðmiðunargreiningu um hvernig svæðisskipulag og borgarþróun, meðal annars skipulag samgöngulausna, geti á sem bestan hátt stutt við græn orkuskipti og stuðlað að umhverfisvænum borgum með fjölbreyttu lífi, samfélögum og svæðum og samspili þeirra á milli. Nordregio og þemahópar. G.1.c. Tillaga um hvernig svæðisskipulag, skipulags- og byggingalöggjöf, staðbundin lög og reglur í löndunum með meiru geti dregið úr losun koldíoxíðs. Nordregio og þemahópar. G.1.d. Safna saman og móta bestu starfsvenjur um hvernig skipulagsverkfæri geti náð til íbúa, aðila í atvinnulífinu, frjálsra félagsamtaka og háskólasamfélagsins í vinnunni að grænum umskiptum. Nordregio og þemahópar. G.1.e Útbúa lista með hugmyndum að því hvernig tæki norrænu landanna á sviði skipulagsmála styðji á sem bestan hátt á hverjum stað við græn umskipti í því skyni að skapa umhverfis- og loftslagsvænar borgir með fjölbreyttu lífi, samfélög og svæði og með góðu samspili milli þessara svæða. Nordregio, þemahópar og Norræna Atlantssamstarfið NORA. G.1.f. Kanna möguleikana sem felast í að nota stafræn skipulagsgögn ásamt öðrum gögnum (t.d. gögn um umferðarmynstur, loftslagsbreytingar, lýðfræði) til að stuðla að sjálfbærri þróun þéttbýlis og dreifbýlis. Nordregio og þemahópar. G.1. g. G.1. g. Miðla á alþjóðavettvangi hvernig svæðisskipulag og borgarþróun styðja við græn orkuskipti í borgum og samfélögum á Norðurlöndunum. Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)	Lýsið helstu samstarfsaðilum Framkvæmd: Nordregio, í samstarfi við þemahópana, NORA og landamæranefndirnar undir leiðsögn embættismannanefndarinnar um byggðastefnu, EK-R (sem á að samþykkja skipulag og verkefnalýsingu fyrir stakar tillögur að framkvæmdaáætlunum). Aðrir samstarfsaðilar: Sveitarfélög, svæði, yfirvöld í löndunum og stofnanir. MR-N (ráðherranefndin um atvinnustefnu), MR-E (ráðherranefndin um orkustefnu), MR-MK (ráðherranefndin um umhverfis- og loftslagsmál), MR-DIGITAL (ráðherranefndin um stafræna væðingu).	Lýsið helstu árangursviðmiðum Fagsvið byggðamála hefur látið fara fram viðmiðunargreiningu, mótað tillögur og bestu starfsvenjur auk hugmyndalista. Greint hefur verið frá niðurstöðum vinnunnar á alþjóðavettvangi.	Lýsið fjárhagsramma aðgerðanna 28 milljónir danskra króna á tímabilinu 2021–2024.
Lýsið hugsanlegum aðgerðum á grundvelli fjármagns úr ráðstöfunarsjóði á almennan hátt með fyrirsögn og að hámarki 100 orðum Verkefni þvert á geira um græn orkuskipti í samgöngugeiranum. Samgöngugeirinn gegnir lykilhlutverki að því er varðar metnaðarfull loftslagsmarkmið landanna. Fagsvið orku-, umhverfis- og loftslagsmála ásamt fagsviðum byggða- og atvinnumála munu eiga samstarf um þann hluta samgöngumála sem er nánast tengdur orkustefnu, eins og til dæmis rafvæðingu, power2X, notkun lífelsesneytis og annars vistvæns eldsneytis sem varðar samgöngur á landi, sjó og í lofti	Lýsið helstu samstarfsaðilum MR-MK (ráðherranefndin um umhverfis- og loftslagsmál), MR-E (ráðherranefndin um orkustefnu), MR-N (ráðherranefndin um atvinnustefnu), MR-R (ráðherranefndin um byggðastefnu) o.fl.	Lýsið helstu árangursviðmiðum Liggur ekki enn fyrir.	Lýsið fjárhagsramma aðgerðanna 26 milljónir danskra króna á tímabilinu 2021–2024.

ásamt snjallara skipulagi ferðalaga og flutninga. Vinnan byggir áfram á verkefnum m.a. á vegum Norrænna orkurannsókna, Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar, Nordregio, og viðeigandi formennskuverkefna, og tillögur þaðan má efla með stækkun og þróun nýrra aðgerða auk þess að efla tillögur fagsviðanna um grænar samgöngur með meiru. Að auki er lagt til aukið samstarf þvert á geira í samgöngumálum, meðal annars aukin þátttaka ráðuneyta samgöngumála.			
---	--	--	--

Markmið 6: Styðja við þekkingu og nýsköpun og auðvelda fyrirtækjum á Norðurlöndunum öllum að nýta þróunartækifærin sem grænu, tæknilegu og stafrænu umskiptin og stækkandi lífhagkerfi skapa.

Mikilvægustu aðgerðir fagsviðsins	Samstarfsaðilar	Uppfylling markmiða	Fjárhagur
Lýsið aðgerðum á grundvelli lauslega fjárhagsrammans á almennan hátt með fyrirðgn og að hámarki 100 orðum Græn orkuskipti á Norðurlöndum sem byggjast á kostum hvers svæðis auk snjallrar sérhæfingar K.6.a. Kanna hvernig atvinnulíf og verðmætakeðjur bæði í dreifbýli og þéttbýli verða samkeppnishæfar og geta þar með stuðlað að grænum orkuskiptum á Norðurlöndum. Í því samhengi þarf að kortleggja forsendur þróunar og samstarfs í og á milli sveitarfélaga, svæða og landa. Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum, Nordregio, þemahópar, Norræna Atlantssamstarfið, NORA, landamæranefndirnar. K.6.b. Kanna möguleikana á til dæmis rannsóknaverkefnum og auknu samstarfi sveitarfélaga, svæða og fyrirtækja um græna nýsköpun á norrænum svæðum. Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum, Nordregio, Norræna Atlantshafssamstarfið, NORA, landamæranefndir. K.6.c. Kanna snjalla sérhæfða stefnumörkun á Norðurlöndunum með áherslu á græn orkuskipti og kortlagningu á þekkingarþörf á hverjum stað og aðrar forsendur sem þarf til fyrir vel heppnuð græn orkuskipti. Nordregio og þemahópar. K.6.d. Varpa ljósi á eiginleika og forsendur góðrar svæðisbundinnar forystu til að ná markmiðum um viðnámsþolin og nýskapandi svæði auk þess að greina kerfi í löndunum og svæðisbundið til að efla forystu heima í héraði. Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum, Nordregio, þemahópar, Norræna Atlantssamstarfið, NORA, landamæranefndirnar. K.6.e. Þróa frekar aðferðir og greiningartæki til að láta fram fara viðtæka áfallapólgreiningu á svæðis- og sveitastjórnarstigi. Nordregio og þemahópar	Lýsið helstu samstarfsaðilum Framkvæmd: Nordregio, í samstarfi við þemahópana, NORA og landamæranefndirnar undir leiðsögn embættismannanefndarinnar um byggðastefnu, EK-R (sem á að samþykkja skipulag og verkefnalýsingu fyrir stakar tillögur að framkvæmdaáætlunum). Aðrir samstarfsaðilar: Sveitarfélög, svæði, yfirvöld í löndunum og stofnanir. MR-N (ráðherranefndin um atvinnustefnu), MR-E (ráðherranefndin um orkustefnu), MR-MK (ráðherranefndin um umhverfis- og loftslagsmál), MR-U (ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir).	Lýsið helstu árangursviðmiðum Fagsvið byggðamála hefur látið fara fram viðmiðunargreiningu, mótað tillögur og bestu starfsvenjur auk hugmyndalista. Greint hefur verið frá niðurstöðum vinnunnar á alþjóðavettvangi.	Lýsið fjárhagsramma aðgerðanna 12 milljónir danskra króna á tímabilinu 2021–2024.
Lýsið hugsanlegum aðgerðum á grundvelli fjármagns úr ráðstöfunarsjóði á almennan hátt með fyrirðgn og að hámarki 100 orðum Verkefni þvert á geira um lífhagkerfi sem aflvaka hagvaxtar og grænna orkuskipta til sveita. Tilgangur verkefnisins er að stuðla að hagvexti og grænum orkuskiptum til sveita með því að: - auka hagvöxt og verðmætasköpun á grundvelli nýskapandi lífhagkerfis á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum - auka þekkingu og áhuga ungs fólks á lífhagkerfinu, með sérstakri áherslu á stafræna væðingu, jafnréttisþáttinn og hæfnipróun - stuðla að grænum umskiptum í lífhagkerfinu með því að kanna möguleika á grænum orkuskiptum og lífhreinsun í landbúnaði, skógrækt, sjávarútvegi og fiskeldi Verkefnið mun greina stefnumarkandi leiðir, tæki og samstarfsleiðir milli atvinnulífs, svæða og sveitarfélaga sem og á fagsviðum eins og til dæmis sviði menntamála til að nýta á sem bestan hátt lífaúðlindir, þekkingu og atvinnulíf til hagsbóta fyrir efnahagslega og loftslagsvæna þróun til sveita. Það mun geta stuðlað að miðlun reynslu og samstarfs milli	Lýsið helstu samstarfsaðilum MR-FJLS (ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt) hefur umsjón með verkefninu, MR-R (ráðherranefndin um byggðastefnu) og hefur þýðingu fyrir MR-U (ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir), MR-JAM (ráðherranefndin um jafnréttismál) og MR-E (ráðherranefndin um orkustefnu). Samstarfsvettvangur um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS), Norræn nefnd um landbúnaðar- og matvælarannsóknir (NKJ), Nordregio, Norræna Atlantshafssamstarfið (Nora), Eystrasaltsskrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Riga.	Lýsið helstu árangursviðmiðum [Eftirfarandi ber að líta meira á sem aðgerðasvið en sem árangursviðmið:] - Kortleggja góð dæmi um ný græn störf til sveita. - Kortleggja nýjar þarfir fyrir menntun og vísindalega farnipróun til að fullnýta vaxtamöguleika lífhagkerfisins. - Koma á fót vettvangi sem getur stuðlað að grænum orkuskiptum. - Búa í haginn fyrir samstarf og nýsköpun á mörkum lífhagkerfis/stafrænnar væðingar með þróun og rekstri norræna tengslanetsins um stafræn umskipti í norræna	Lýsið fjárhagsramma aðgerðanna 12 milljónir danskra króna á tímabilinu 2021–2024.

svæða og landa um hvernig atvinnulíf, svæði og verðmætakeðjur til sveita geti stuðlað að hagvexti og grænum orkuskiptum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Verkefnið mun leggja áherslu á þátttöku aðila á sviði lífhagkerfisins, meðal annars fyrirtæki og samtök atvinnulífsins, í áætlanagerð um sjálft innihald verkefnisins og framkvæmd aðgerða til að tryggja eignarhald og áhuga ásamt gildi og þátttöku	Nær til allra fjögurra fagsviða á vegum FJLS (fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar)	lífhagkerfinu „Nordic Testbed Network – supporting digital transformation in the Nordic Bioeconomy“. - Búa í haginn fyrir nýsköpun og tilraunverkefni sem varða m.a. grænar orkulausnir í landbúnaði, sjávarútvegi og fiskeldi.	
--	--	---	--

Markmið: 7. Þróa hæfni og virkan vinnumarkað sem uppfyllir kröfur grænna orkuskipta og stafrænnar þróunar og sem styður við frjálsa fær á Norðurlöndum.

Mikilvægustu aðgerðir fagsviðsins	Samstarfsaðilar	Uppfylling markmiða	Fjárhagur
Lýsið aðgerðum á grundvelli lauslega fjárhagsrammans á almennan hátt með fyrirsögn og að hámarki 100 orðum	Lýsið helstu samstarfsaðilum	Lýsið helstu árangursviðmiðum	Lýsið fjárhagsramma aðgerðanna
Aukið flæði þekkingar og færni á Norðurlöndum til að stuðla að byggðapróun á Norðurlöndunum K.7.a. Greina og leggja til aðgerðir sem geta stuðlað að færniuppbyggingu í þéttbýli og dreifbýli, í því skyni að auðvelda ráðningu hæfs starfsfólks og tryggja græn orkuskipti á Norðurlöndunum öllum. Nordregio og þemahópar. K.7.b. Kanna möguleika/hindranir til að auka hreyfanleika og færniþróun yfir landamæri, m.a. með eftirfylgni „hæfni-verkefnisins“, sem skoðar þá þætti sem draga úr/stuðla að færniþróun á svæðisbundnum vinnumarkaði, og kerfi til að minnka bilið milli framboðs og eftirspurnar eftir hæfu starfsfólki á dreifbýlum atvinnusvæðum. Nordregio, þemahópar, landamæranefndir. K.7.c. Kortleggja stefnumarkandi leiðir og virk tæki til að virkja og mennta hópa sem standa utan vinnumarkaðar til starfa í einkafyrirtækjum í borgum og dreifbýli. Nordregio og þemahópar.	Framkvæmd: Nordregio, í samstarfi við þemahópana, NORA og landamæranefndirnar undir leiðsögn embættismannanefndarinnar um byggðastefnu, EK-R (sem á að samþykkja skipulag og verkefnalýsingu fyrir stakar tillögur að framkvæmdaáætlunum). Aðrir samstarfsaðilar: Sveitarfélög, svæði og yfirvöld í löndunum og stofnanir. MR-N (ráðherranefndin um atvinnustefnu), MR-U (ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir), MR-A (ráðherranefndin um atvinnulíf), MR-S (ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál).	Fagsvið byggðastefnu hefur látið fram fara verkefni sem hafa skilað nýtanlegum niðurstöðum og lagt fram nýja þekkingu til að meðal annars pólitískir valdhafar geti stuðlað að grænum hagvexti á dreifbýlum svæðum.	9 milljónir danskra króna á tímabilinu 2021–2024.

Markmið: 9. Stuðla að því að allir fái notið góðrar heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem veitt er á jafnréttisgrundvelli og með tryggðu aðgengi.

Mikilvægustu aðgerðir fagsviðsins	Samstarfsaðilar	Uppfylling markmiða	Fjárhagur
Lýsið aðgerðum á grundvelli lauslega fjárhagsrammans á almennan hátt með fyrirsögn og að hámarki 100 orðum Lifandi og örugg samfélög um öll Norðurlönd Í því skyni að skipuleggja lifandi og örugg samfélög um öll Norðurlönd þarf fjölþættar aðgerðir sem meðal annars fela í sér: S.9.a. Kortlagning á framboði opinberra þjónustu og einkaþjónustu og greining á árangri/möguleikum hennar frá landfræðilegu sjónarhorni. Sýna góðar nýskapandi lausnir og á grundvelli „bestu dæma“ leggja til nýjar leiðir við skilvirka þjónustu á dreifbýlum svæðum. Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum, Nordregio, þemahópar, Norræna Atlantssamstarfið, NORA, landamæranefndirnar. S.9.b Greining á því hvað fjarlægð til þjónustu hefur að segja með öryggisstillfinningu, opinbera geirann og lýðræðislega kjörna fulltrúa. Nordregio og þemahópar.	Lýsið helstu samstarfsaðilum Framkvæmd: Nordregio, í samstarfi við þemahópana, NORA og landamæranefndirnar undir leiðsögn embættismannanefndarinnar um byggðastefnu, EK-R (sem á að samþykkja skipulag og verkefnalýsingu fyrir stakar tillögur að framkvæmdaáætlunum). Aðrir samstarfsaðilar: Sveitarfélög, svæði og yfirvöld í löndunum og stofnanir. MR-S (ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál), MR-A (ráðherranefndin um atvinnulíf).	Lýsið helstu árangursviðmiðum Fagsvið byggðastefnu hefur látið fram fara greiningu á lifandi og öruggum samfélögum og miðlað niðurstöðunum til meðal annars sveitarfélaga og svæða á Norðurlöndunum.	Lýsið fjárhagsramma aðgerðanna 8 milljónir danskra króna á tímabilinu 2021–2024.
Lýsið aðgerðum á grundvelli lauslega fjárhagsrammans á almennan hátt með fyrirsögn og að hámarki 100 orðum Þverfaglegt verkefni um fjarheilbrigðisþjónustu í ljósi Covid-19-farsóttarinnar Ráðuneyti félags- og heilbrigðismála í Svíþjóð hefur lagt fram nýja tillögu að aðgerðum í framkvæmdaáætluninni sem snýst um að halda áfram þeirri vinnu sem hafin var með sænska forgangsverkefninu árin 2018–2020 um „fjarheilbrigðisþjónustu“. Verkefnistillagan á við mörg markmiðanna í nýrri framtíðarsýn norræns samstarfs og inniheldur 7 meginþemu: 1. Kórónukreppan og þörfin á stafrænum lausnum á sviði hjúkrunar og umönnunar 2. Stafrænar lausnir fyrir góða, nána og samþætta hjúkrun og umönnun 3. Minnkuð loftslagsáhrif með stafrænum lausnum 4. Lifandi dreifbýli og aukin nýsköpun með stafrænum lausnum 5. Jafn aðgangur að hjúkrun og umönnun fyrir alla samfélagshópa 6. Einfeldari mönnun hjúkrunar- og umönnunarstarfa með stafrænum lausnum 7. Alþjóðleg kynning á Norðurlöndum með fjarheilbrigðisþjónustu Tillagan hefur sameiginlega fleti með mörgum þverfaglegum aðgerðum sem nú þegar eru ráðgerðar í tengslum við framkvæmdaáætlunina, þannig að möguleiki er á skörun eða samlegðaráhrifum á mörgum sviðum.	Lýsið helstu samstarfsaðilum MR-S (ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál) hefur umsjón með verkefninu, MR-N (ráðherranefndin um atvinnustefnu), MR-R (ráðherranefndin um byggðastefnu), MR-U (ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir), MR-DIGITAL (ráðherranefndin um stafræna væðingu), MR-A (ráðherranefndin um atvinnulíf) og fleiri.	Lýsið helstu árangursviðmiðum	Lýsið fjárhagsramma aðgerðanna 6 milljónir danskra króna á tímabilinu 2021–2024.

Markmið: 10. Allir Norðurlandabúar taki þátt í grænum umskiptum og stafrænni þróun, nýta styrkleikana og sporna við því að umskiptin leiði til aukinnar misskiptingar í samfélaginu.

Mikilvægustu aðgerðir fagsviðsins	Samstarfsaðilar	Uppfylling markmiða	Fjárhagur
Lýsið aðgerðum á grundvelli lauslega fjárhagsrammans á almennan hátt með fyrirsögn og að hámarki 100 orðum. Vinna gegn samansöfnun félagslegra áskorana á afmörkuðum svæðum Norðurlanda – í borgum jafnt sem á jaðarsvæðum Í því skyni að vinna gegn samansöfnun félagslegra áskorana á afmörkuðum svæðum Norðurlanda er þörf á fjölþættum aðgerðum sem meðal annars fela í sér: S.10.a. Kortleggja áætlanagerð landanna um blönduð borgarsamfélög og móta sameiginlegar tillögur að því hvernig megi á bestan hátt þróa blönduð og fjölbreytt borgarsamfélög. Nordregio og þemahópar. S.10.b. Yfirfærsla reynslu frá þegar loknum átaksverkefnum í norrænum borgum til annarra svæða og viðfangsefna. Nordregio og þemahópar. S.10.c. Safna saman og miðla reynslu af vinnu með aðgerðir á tilteknum svæðum og aðgreiningu, meðal annars með því að koma á fót norrænum samstarfsvettvangi. Nordregio og þemahópar. S.10.d. Kanna hvernig virkja megi aldraða (65–80 ára) sem gagnlega auðlind um félagslega aðlögun, vinnuafli og í sjálfbærni starfi í dreifbýlinu og safna saman reynslu til stefnumótunarvinnu. Nordregio, þemahópar, landamæranefndir og Norræna Atlantssamstarfið (NORA). S.10.e. Varpa ljósi á og þróa líkön og verkfæri fyrir þátttöku íbúanna til að efla staðbundið lýðræði. Nordregio, þemahópar, landamæranefndir og Norræna Atlantssamstarfið NORA S.10.f. Aðgerðir varðandi umskipti samfélaga. Í þessu felst að finna hvaða tæki og reynslu Norðurlöndin hafa til að skapa virðisauka að því er varðar umskipti samfélaga, meðal annars hvaða ný tækifæri löndin sjá fyrir sér varðandi endurskipulagningu og endurbyggingu borga og sveita yfir í sjálfbær samfélög. Nordregio, Norræna Atlantssamstarfið (NORA), þemahópar, landamæranefndir.	Lýsið helstu samstarfsaðilum Framkvæmd: Nordregio, í samstarfi við þemahópana, NORA og landamæranefndirnar undir leiðsögn embættismannanefndarinnar um byggðastefnu, EK-R (sem á að samþykkja skipulag og verkefnalýsingu fyrir stakar tillögur að framkvæmdaáætlunum). Aðrir samstarfsaðilar: Sveitarfélög, svæði og yfirvöld í löndunum og stofnanir. MR-S (ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál), MR-A (ráðherranefndin um atvinnulíf).	Lýsið helstu árangursviðmiðum Fagsvið byggðamála hefur látið fram fara kortlagningu og söfnun reynslu með meiru, sem hefur lagt áherslu á félagslega sjálfbær Norðurlönd og niðurstöðunum hefur verið komið á framfæri við sveitarfélög og svæði.	Lýsið fjárhagsramma aðgerðanna 17 milljónir danskra króna á tímabilinu 2021–2024.
Lýsið hugsanlegum aðgerðum á grundvelli fjármagns úr ráðstöfunarsjóði á almennan hátt með fyrirsögn og að hámarki 100 orðum.	Lýsið helstu samstarfsaðilum	Lýsið helstu árangursviðmiðum	Lýsið fjárhagsramma aðgerðanna
Inngildandi hagvöxtur í vinnu að grænum umskiptum Aðgerðirnar leggja áherslu á hvernig sjálfbær græn orkuskipti yfir í kolefnishlutlaust hagkerfi geta átt sér stað um leið og inngildandi hagvöxtur getur náðst án þess að auka misskiptingu, meðal annars milli borga og dreifbýlis. Fagsvið efnahags- og fjármála hefur umsjón með aðgerðunum ásamt fagsviði byggðamála og í samstarfi við fagsvið mennta- og atvinnumála ásamt fagsviði umhverfis- og loftslagsmála. Áformað er að nota norrænu rannsóknastofnunina Nordregio við framkvæmd aðgerðanna - Greining á afleiðingum aðgerða í loftslagsstefnu; - Norræn byggðastefna og efnahagslegt þanþol hagkerfa svæðanna á krepputímum á borð við COVID-19.	MR-FINANS (ráðherranefndin um efnahags- og fjármálastefnu) hefur umsjón með verkefninu, GSK (skrifstofa framkvæmdastjóra), MR-U (ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir), MR-A (ráðherranefndin um atvinnulíf), MR-R (ráðherranefndin um byggðastefnu).		8 milljónir danskra króna á tímabilinu 2021–2024.

Fylgirit 2: Rammar um vinnuna í þemahópunum í samstarfsáætluninni um byggðapróun og skipulagsmál 2021–2024

Þemahóparnir eiga að stuðla að fræðslu og þróun þekkingar fyrir stefnumótunarvinnu með sameiginlegri starfsemi aðila á Norðurlöndum ásamt Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum. Helsta markmiðið með þemahópunum er að hrinda í framkvæmd markmiðum og aðgerðum samstarfsáætlunarinnar. Samstarfsáætlunin myndar ramma um vinnu þemahópanna ásamt tillögum fagsviðs byggðamála að fimm markmiðum í framkvæmdaáætluninni 2021–2024 fyrir *Framtíðarsýn okkar 2030* og þremur stefnumarkandi forgangsverkefna hennar: græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Vinna þemahópanna á að renna stoðum undir þverfaglegu sjónarhornin jafnrétti, börn og ungmenni auk sjálfbærnimarkmiða SP. Þemahóparnir eiga að stuðla að þverfaglegu samstarfi hver á sínu sviði.

Uphaf áætlunarinnar og gerð starfsáætlunar

Haldinn verður sameiginlegur upphafsfundur fyrir alla þemahópana. Áhersla er lögð á að skýra hlutverk og væntingar til þátttakenda í þemahópnum.

Fulltrúar þemahópanna eiga á þessum upphafsfundi að hefja vinnu að gerð starfsáætlana sem byggja á samstarfsáætluninni 2021–2024 og tillögum fagsviðs byggðamála til framkvæmdaáætlunar 2021–2024 fyrir *Framtíðarsýn okkar 2030*. Þetta fer fram á tvo vegu: ítarleg starfsáætlun fyrir starfsemi á fyrstu tveimur árunum verður gerð á fyrsta árshefningi, ásamt almennari áætlun fyrir síðustu tvö árin. Álíka ítarleg starfsáætlun verður útbúin fyrir síðustu tvö árin miðja veginni í áætluninni, á grundvelli eigin mats á verkefnastöðu hópanna miðað við samstarfsáætlunina og tillögur fagsviðs byggðamála til framkvæmdaáætlunar 2021–2024. Þessu eigin mati skal miðlað milli þemahópanna. Fulltrúar hópanna þurfa að samþykkja starfsáætlunirnar og að því loknu Norræna embættismannanefndin um byggðastefnu (EK-R).

Starfsáætlunin þarf að innihalda útlistun á markmiðum og aðgerðasviðum samstarfsáætlunarinnar og framkvæmdaáætlunarinnar og stuðla að forgangsriðun aðgerða og starfsemi innan þessara ramma, nánar tiltekið hvaða verkefni skuli vinna, hvenær skuli vinna þau og hvernig fjárveitingum þemahópsins skuli skipt. Sérhvert verkefni skal hefjast í samstarfi við fulltrúa hópsins. Hugsanlegt samstarf við utanaðkomandi aðila skal koma skýrt fram í starfsáætlunum, þar á meðal frumkvæði að samstarfi við félagasamtök og atvinnulíf þegar við á.

Þemahóparnir ákveða sjálfir hvernig þeir vinna. Starfshættir felast í undirbúningi og framkvæmd fundar þemahópanna, en einnig í hverju ólík verkefni eiga að skila. Þemahóparnir eiga að leggja áherslu á að ná fram niðurstöðum sem má nýta til beinnar stefnumótunar. Útbúa skal sameiginlega upplýsinga- og samskiptaáætlun fyrir þemahópana.

Upphafsfundurinn verður haldinn í samstarfi milli skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar og Norrænu rannsóknastofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum (Nordregio). Hluta fundarins ber að halda sameiginlega með lokafundi þemahópanna árin 2017–2020. Nefndarmenn Norrænu embættismannanefndarinnar um byggðastefnu (EK-R) ættu að taka þátt í hluta fundarins.

Ábyrgðarsvið og verkefni

Hvern þemahóp skipa einn fulltrúi frá hverju landanna ásamt Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum, einn svæðisfulltrúi frá hverju landanna, tvær landamæranefndir og Norræna Atlantssamstarfið (NORA). Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) sér um skrifstofuhald.

Formaður þemahópsins

Þemahópurinn á að vera undir forystu eins fulltrúa landanna eða fulltrúa frá Færeyjum, Grænlandi eða Álandseyjum. Formaðurinn stjórnar fundum hópsins. Það er formaður þemahópsins sem ber ábyrgð á gerð fundardagskrár fyrir þemafundina, í samráði við Norrænu rannsóknastofnunina í skipulags- og byggðamálum (Nordregio). Ákvarðanir skulu almennt vera teknar einróma meðal allra fulltrúa þemahópsins. Náist ekki samstaða skal taka ákvörðun með atkvæðagreiðslu meðal fulltrúa landanna.

Formaður þemahópsins hefur umsjón með, með aðstoð Nordregio, að senda stutta skriflega kynningu á fundi Norrænu embættismannanefndarinnar um byggðastefnu (EK-R) og árlega skýrslu með yfirliti um þau mál hverju sinni sem hópurinn hefur unnið með. Formaðurinn á að sjá til þess að fulltrúar þemahópsins séu viðstaddir umræður í EK-R um málefni sem þá varða. Að auki á formaðurinn að leggja til minnst eitt málefni við EK-R sem hægt er að ræða nánar á fundi ráðherra byggðamála.

Formaður þemahópsins á að, í samstarfi við Nordregio, sjá um gott upplýsingaflæði í þemahópnum. Formaðurinn á einnig á virkan hátt að leggja sitt af mörkum til miðlunar niðurstaðna þemahópsins innan eigin samtaka og til annarra viðeigandi aðila.

Formaður þemahópsins tekur þátt í mánaðarlegum fundi (símafundi) með yfirmanni skrifstofu

Nordregio.

Tilnefna skal landsfulltrúa annars lands sem varaformann í þemahópnum. Færi er gefið á að skipta um formann þemahópsins á starfstímanum.

Fulltrúar landanna

Öll Norðurlöndin eiga að taka virkan þátt í öllum þemahópum. Færeyjar, Grænland og Álandseyjar taka þátt í þeim þemahópum sem þau telja viðeigandi að taka þátt í. Fulltrúar landanna eiga að vinna að framkvæmd samstarfsáætlunarinnar með því að taka þátt í fundum þemahópanna og leggja fram sjónarmið landanna, sem og leggja til góð hagnýt dæmi og tilviksrannsóknir eða vísa til viðeigandi aðila í löndunum fyrir tillögur að slíkum rannsóknum.

Fulltrúar landanna gegna mikilvægu hlutverki með því að sjá til þátttöku annarra viðeigandi yfirvalda og ráðuneyta, sem og annarra aðila í löndunum og á svæðum í hlutaðeigandi málaflokkum. Fulltrúar landanna í þemahópunum eiga einnig á virkan hátt að leggja sitt af mörkum til miðlunar niðurstaðna þemahópsins innan eigin raða og til annarra viðeigandi aðila.

Aðrir fulltrúar í þemahópnum

Fulltrúar svæða eiga að taka þátt í þemahópnum með því að leggja fram sjónarhorn svæða og sveitarfélaga á fundum þemahópanna, leggja til góð hagnýt dæmi og tilviksrannsóknir og miðla niðurstöðum þemahópanna innan eigin raða og til annarra viðeigandi aðila. Löndin tilnefna svæðisfulltrúa og löndin ákveða sjálf hvernig val svæðisfulltrúa skuli fara fram.

Landamæranefndunum býðst að taka þátt með tveimur þátttakendum í hverjum þemahópi og að auki er Norræna Atlantssamstarfinu (NORA) boðið að taka þátt. Landamæranefndirnar og Norræna Atlantssamstarfið (NORA) ákveða sjálf í hvaða þemahópum þau vilja taka þátt. Ef landamæranefndirnar og NORA vilja taka þátt með fleiri fulltrúum má íhuga skipti miðja vega. Fulltrúar landamæranefndanna og NORA eiga að leggja fram þekkingu sína og reynslu og koma með tillögur að verkefnum sem varða sérstaklega landamærasvæðin og vestnorrænt samstarf. Þeir eiga að miðla á virkan hátt starfsemi og niðurstöðum þemahópanna innan eigin raða og til annarra viðeigandi aðila, þar á meðal hinna landamæranefndanna.

Svæðis- og landamærafulltrúarnir og NORA taka þátt í sameiginlegri starfsemi þemahópanna. Ekki er ráðstafað eyrnamerktu fjármagni til svæða, landamæranefnda eða NORA á vegum þemahópanna, en hægt er að veita verkefnafjármagni til þeirra ef þemahópurinn ákveður svo.

Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum, Nordregio

Nordregio sér um skrifstofuhald fyrir þemahópna. Þeir boða til mánaðarlegra síma-/fjarfunda milli formanna þemahópanna og yfirmanns skrifstofunnar. Þeir boða einnig til, í samstarfi við formenn þemahópanna, og skipuleggja fundi þemahópanna og bakgrunnsefni, sjá um góða upplýsingamiðlun til fulltrúa hópanna, rita fundargerð með meiru. Þeir aðstoða formenn þemahópanna við undirbúning dagskrár fyrir fundina.

Nordregio aðstoðar formenn þemahópanna með gögn til skýrslugjafar til Norrænu embættismannanefndarinnar um byggðastefnu (EK-R) og ráðherra byggðamála og tekur þátt, ef við á, í viðræðum í embættismannanefndinni (EK-R) og fundum ráðherra byggðamála um málefni sem eru ofarlega á baugi.

Nordregio semur, í samráði við formenn þemahópanna, drög að starfsáætlunum með þátttöku fulltrúa þemahópanna. Nordregio hefur umsjón með starfsáætlunum þvert á þemahópna og með að deila þeim milli hópanna. Nordregio ber einnig sérstaka ábyrgð á að greina hugsanleg samstarfsverkefni milli þemahópanna og tryggja gott upplýsingaflæði.

Nordregio á, í samráði við formann þemahópsins, að leggja fram verkefnatillögur á grundvelli umræðna í þemahópnum til þemahópsins áður en verkefni er hrint af stað. Verkefnatillögur eru mótaðar eftir sameiginlegu sniðmáti og eiga að innihalda verkefnisáætlun með lýsingu á verkefninu, þar á meðal markmiðum verkefnisins, hönnun verkefnis, skipulagi, framvinduáætlun og fjárhagsáætlun. Verkefnistillöguna þarf að samþykkja á fundi þemahópsins og færa skal fundinn til bókar.

Nordregio er rannsóknastofnun fagsviðsins og lykilaðili við framkvæmd verkefna samstarfsáætlunarinnar. Ræða skal á fundum þemahópanna hvort bjóða skuli öðrum

hagsmunaaðilum þátttöku í vinnunni, annað hvort við framkvæmd eða sem þátttakendur, til dæmis í ráðgjafarhópum, í því skyni að leggja fram þekkingu, tengslanet og greiningarvinnu. Það geta verið rannsóknastofnanir og aðrir faghópar eða ráðgjafar. Nordregio á að veita aðstoð við mat og hugsanlega framkvæmd við opinber innkaup.

Nordregio ber meginábyrgð á samskiptamálum og miðlun þekkingar og niðurstaðna frá þemahópunum til viðeigandi markhópa. Það á að fara fram bæði í gegnum eigin upplýsingamiðla og með þátttöku í viðeigandi innlendum og svæðisbundnum tengslanetum og vettvangi. Nordregio hefur umsjón með gerð upplýsinga- og samskiptaáætlunar þvert á þemahópana, leitað skal eftir þátttöku fulltrúa í þemahópunum, og áætlunin skal vera samþykkt af Norrænu embættismannanefndinni um byggðastefnu (EK-R).

Sem skrifstofa ber Nordregio ábyrgð á fjármálum þemahópanna, þ.e.a.s. gerir fjárhagsáætlun og skilar árlegri efnahagsskýrslu. Nordregio á að láta þemahópana vita jafnt og þétt um fjárhagsstöðu og framvindu verkefna.

Norræna embættismannanefndin um byggðastefnu (EK-R)

EK-R á að fylgja eftir framkvæmd samstarfsáætlunarinnar og framkvæmdaáætlunar 2021–2024. EK-R samþykkir starfsáætlanir þemahópanna að lokinni kynningu og umræðum í EK-R. Þemahóparnir skila jafnt og þétt skýrslum á fundum EK-R. Á sameiginlega árlega fundinum milli EK-R og stjórnar Nordregio fær EK-R yfirlit um stöðu þemahópanna. Fulltrúar þemahópanna taka þátt í minnst einum funda EK-R til að miðla þeirri þekkingu sem þeir hafa skapað og taka til umræðu sérlega viðeigandi málefni og fá tillögur frá EK-R og ráðherrum byggðamála. Einnig getur verið við hæfi að kynna og ræða valin verkefni fyrir EK-R.

EK-R á einnig á virkan hátt að leggja sitt af mörkum til miðlunar og notkunar niðurstaðna þemahópsins innan eigin raða og til annarra viðeigandi aðila.

Gert verði ráð fyrir fjárlagalið hjá EK-R til að gefa tækifæri til fjármögnunar verkefna eða annarra aðgerða sem geta svarað álitamálum sem koma upp í vinnu þemahópanna á tímabilinu.

Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar aðstoðar Nordregio við framkvæmd upphafsfundarins. Skrifstofan á að vera tengiliður milli þemahópanna og EK-R með því að vera í sambandi við formenn þemahópanna og Nordregio, spyrja eftir og miðla áfram upplýsingum á fundi EK-R og veita aðstoð við mat á hugsanlegri þátttöku þemahópanna á fundum EK-R. Skrifstofan á einnig að veita þemahópunum og Nordregio aðstoð í upplýsingamálum, þannig að þau séu vel tengd markmiðum og stefnumarkandi forgangsmálum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Samskipta- og upplýsingastarf

Í því skyni að efla starf að miðlun upplýsinga úr áætluninni á að móta sameiginlega stefnu í samskipta- og upplýsingamálum þvert á þemahópana í upphafi áætlunarinnar. Stefnan á að afmarka markhópa, verkefni og ábyrgð miðlunar, vera samin af Nordregio og vera samþykkt af EK-R. Skýrt skal koma fram hverjir beri ábyrgð á framfylgd og upplýsingamiðlun. Þess er vænst að fulltrúar í þemahópunum noti eigin tengslanet til virkrar miðlunar niðurstaðna úr verkefnum og hvernig nota megni niðurstöðurnar. Aukna áherslu skal leggja á að koma niðurstöðunum á framfæri við EK-R og sveitarfélög og svæði. Einnig er markmið um að gagnsemi þessa norræna starfs skuli ná til almennings, til dæmis í gegnum lands-, svæðis- og staðbundna fjölmiðla.

Hluta upplýsingastarfsins má tengja við hvernig við í auknum mæli getum stuðlað að því að vitneskja úr þekkingarþróun og tillögur að stefnumótun verði teknar í notkun. Hver þemahópur á að finna og leggja áherslu á sérvalin verkefni sem henta sérlega vel til kynningar og birtingar niðurstaðna.

Starf að upplýsinga- og samskiptamálum skal notast við ólíka miðla og fyrirkomulag. Meta skal hvort nota skuli Norðurlandamál í stað ensku. Að lágmarki skal allt útgefið efni innihalda samantekt á skandinavísku tungumáli.

Fundir

Stefnt er að þremur fundum í hverjum þemahópi á ári. Fulltrúar þemahópanna ákveða í sameiningu tíma og stað fyrir fundina, og meta hvort þörf er á netfundum til viðbótar eða í staðinn fyrir hefðbundna fundi. Á hverjum fundi kynnir Nordregio stöðu verkefna, og hugsanlegar áskoranir eða leiðir eru ræddar innan hópsins. Áform um og tillögur að nýjum verkefnum eru rædd. Senda skal fundargögn tímanlega fyrir fundinn. Koma skal fram í fundarboðun hvort taka skuli ákvarðanir. Fundargerð er færð um allar ákvarðanir sem eru teknar á fundunum.

Fundirnir eru einnig notaðir til að skiptast á og flokka upplýsingar um mál sem eru pólitískt ofarlega á baugi og skipta máli fyrir vinnu hópsins. Það mun gefa vinnunni aukið gildi og efla gagnsemi og þátttöku og áhugann á að koma saman. Nordregio finnur hentugt fyrirkomulag varðveislu slíkra upplýsinga, þannig að upplýsingarnar séu einnig auðveldlega aðgengilegar utan þemahópsins.

Nordregio á að standa fyrir fjölbreyttum fundum með því að ná fram þátttöku fulltrúanna og hlusta eftir tillögum, þar á meðal tillögum um utanaðkomandi þátttöku í fundunum.

Yfirlit um aðgerðir framkvæmdaáætlunarinnar sem skipta máli fyrir vinnu þemahópanna

Í töflunni má finna yfirlit um aðgerðir fagsviðs byggðamála í framkvæmdaáætlun 2021–2024. Aðgerðirnar tengjast hinum ólíku þemahópum. Verkaskiptingu þátttakenda má sjá í framkvæmdaáætlun 2021–2024 fyrir *Framtíðarsýn okkar 2030*.

Aðgerðir	Þemaþópur A: Græn borgarþróun með þátttöku allra	Þemaþópur B: Græn dreifbýlisþróun með þátttöku allra	Þemaþópur C: Græn, nýskapandi og viðnámsþolin svæði
G.1.a. Efla beint og óþreifanlegt samstarf milli sveitarfélaga (þörun samstarfs) um græna borgarþróun og áætlanagerð um kolefnishlutleysi.	X	X	
G.1.b. Láta fram fara viðmiðunargreiningu um hvernig skipulagsmál og borgarþróun, meðal annars skipulag samgöngulausna, geti á sem bestan hátt stutt við græn orkuskipti og stuðlað að umhverfisvænum borgum með fjölbreyttu lífi, samfélögum og svæðum og samspili þeirra á milli.	X	X	X
G.1.c Tillaga um hvernig svæðisskipulag, skipulags- og byggingalöggjöf, staðbundin lög og reglur í löndunum með meiru geti dregið úr losun koldíoxíðs í bygginga- og mannvirkjagerð sem og í samgöngum, bæði til lands og sjávar.	X	X	
G.1.d Safna saman og móta bestu starfsvenjur um hvernig skipulagsverkfæri geti náð til íbúa, aðila í atvinnulífinu, frjálsra félagasamtaka og háskólasamfélagsins í vinnunni að grænum umskiptum.	X	X	X
G.1.e Útbúa lista með hugmyndum að því hvernig tæki norrænu landanna á sviði skipulagsmála styðji á sem bestan hátt á hverjum stað við græn umskipti í því skyni að skapa umhverfis- og loftslagsvænar borgir með fjölbreyttu lífi, samfélög og svæði og með góðu samspili milli þessara svæða.	X	X	
G.1.f. Kanna möguleikana sem felast í að nota stafræn skipulagsgögn ásamt öðrum gögnum (t.d. gögn um umferðarmynstur, loftslagsbreytingar, lýðfræði) til að stuðla að sjálfbærri þróun þéttbýlis og dreifbýlis.	X		
G.1.g. Greina frá því á alþjóðavettvangi hvernig skipulag landnotkunar og borgarþróun styður við græn umskipti í borgum og samfélögum á Norðurlöndum.			
K.6.a. Kanna hvernig atvinnulífið og verðmætakeðjur bæði í dreifbýli og þéttbýli verða samkeppnishæfar og geta þar með stuðlað að grænum orkuskiptum á Norðurlöndum. Í því samhengi þarf að kortleggja forsendur þróunar og samstarfs í og á milli sveitarfélaga, svæða og landa.	X		X
K.6.b. Kanna möguleikana á til dæmis rannsóknaverkefnum og auknu samstarfi sveitarfélaga, svæða og fyrirtækja um græna nýsköpun á norrænum svæðum.			
K.6.c. Kanna snjalla sérhæfða stefnumörkun á Norðurlöndunum með áherslu á græn orkuskipti og kortlagningu á þekkingarþörf á hverjum stað og aðrar forsendur sem þarf til fyrir vel heppnuð græn orkuskipti.			X
K.6.d. Varpa ljósi á eiginleika og forsendur góðrar svæðisbundinnar forystu til að ná markmiðum um viðnámsþolin og nýskapandi svæði auk þess að greina kerfi í löndunum og á hverjum stað til að efla forystu heima í héraði.		X	X
K.6.e. Þróa frekar aðferðir og greiningartæki til að láta fram fara viðtæka áfallaþolsgreiningu á svæðis- og sveitastjórnarstigi.			X
K.7.a. Greina og leggja til aðgerðir sem geta stuðlað að færniuppbyggingu í þéttbýli og strjálbýli, í því skyni að auðvelda ráðningu hæfs starfsfólks og tryggja græn orkuskipti á Norðurlöndunum öllum.	X		X
K.7.b. Kanna möguleika/hindranir til að auka hreyfanleika og færniþróun yfir landamæri, m.a. með eftirfylgni „hæfniverkefnisins“, sem skoðar þá þætti sem draga úr/stuðla að færniþróun á svæðisbundnum vinnumarkaði, og kerfi til að minnka bilið milli framboðs og eftirspurnar eftir hæfu starfsfólki á strjálbýlum atvinnusvæðum.			X

K.7.c. Kortleggja stefnumarkandi leiðir og virk tæki til að virkja og mennta hópa sem standa utan vinnumarkaðar til starfa í einkafyrirtækjum í borgum og dreifbýli.		X	
S.9.a. Kortleggja framboð opinberrar þjónustu og einkaþjónustu og greina árangur/ möguleika þjónustunnar frá landfræðilegu sjónarhorni. Sýna góðar nýskapandi lausnir og á grundvelli „bestu dæma“ leggja til nýjar leiðir við skilvirka þjónustu á dreifbýlum svæðum.		X	
S.9.b. Greina hvað fjarlægð til þjónustu hefur að segja með öryggistilfinningu, opinbera geirann og lýðræðislega kjörna fulltrúa.	X	X	
S.10.a. Kortleggja hvernig löndin skipuleggja sig fyrir fjölbreytta samsetningu íbúa í borgum, og móta sameiginlegar tillögur að því hvernig best megi skipuleggja fjölbreytt borgarsamfélög.	X		
S.10.b. Yfirfæra reynslu frá þegar loknum átaksverkefnum í norrænum borgum til annarra svæða og viðfangsefna.	X		
S.10.c. Safna saman og miðla reynslu af vinnu með aðgerðir á tilteknum svæðum og aðgreiningu, meðal annars með því að koma á fót norrænum samstarfsvettvangi.	X		
S.10.d. Kanna hvernig virkja megi aldraða (65–80 ára) sem gagnlega auðlind um félagslega aðlögun, vinnuafli og í sjálfbærðastarfi í dreifbýlinu og safna saman reynslu til stefnumótunarvinnu.		X	
S.10.e. Varpa ljósi á og þróa líkön og verkfæri fyrir þátttöku íbúanna til að efla staðbundið lýðræði.	X	X	
S.10.f. Aðgerðir fyrir umskipti samfélaga. Í þessu felst að finna hvaða tæki og reynslu Norðurlöndin hafa til að skapa virðisauka að því er varðar umskipti samfélaga, meðal annars hvaða ný tækifæri löndin sjá fyrir sér varðandi endurskipulagningu og endurbyggingu borga og sveita yfir í sjálfbær samfélög.	X	X	X

Um ritið

Norræn samstarfsáætlun um byggðabróun og skipulagsmál 2021–24

– Fyrir græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd

PolitikNord: 2020:715

ISBN 978-92-893-6716-5 (PDF)

ISBN 978-92-893-6717-2 (ONLINE)

<http://doi.org/10.6027/politknord2020-715>

© Norræna ráðherranefndin 2020

Umbrot: Mette Agger Tang

Kápumynd: Unsplash.com

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efla í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur

**Samband samstarfsáætlunarinnar og
Framtíðarsýnar okkar 2030**

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að framtíðarsýn okkar um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasata svæði heims árið 2030 verði að veruleika. Í samstarfsáætluninni er því lýst hvernig fagsviðið mun vinna við stafnumarkandi áherslusviðin þrjú og stuðla að því að ná markmiðunum tólf í framkvæmdaáætlun 2021–2024 svo *Framtíðarsýn okkar 2030* náist.

Nánar á norden.org

